

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Sóley og félagar.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Sjóðurinn Sóley og félagar, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, er stofnaður af Gunnari Smára Egilssyni, kt. 110161-4099 og Öldu Lóu Leifsdóttur, kt. 120262-5729, til heimilis að Þórsgötu 10 í Reykjavík í tilefni af ættleiðingu dóttur þeirra, Sóleyjar Gunnarsdóttur, en hún er fædd í Tógó í Afríku.

Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. gr.

Varnarþing.

Heimili og varnarþing sjóðsins er að Þórsgötu 10, Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Tilgangur og markmið sjóðsins er að hlúa að og styrkja barna- og unglingsheimili í Tógó í Afríku, auk þess að hlúa að hagsmunamálum og velferð þeirra barna sem á slíkum heimilum dveljast í Tógó, m.a. með framlögum sem stuðli að heilbrigði þeirra, menntun og velferð.

Markmiðum með stofnun sjóðsins skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum svo sem nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal valin af stofnendum sjóðsins, sbr. 1. gr. skipulagsskrár þessarar. Skulu stjórnarmenn vera fjórir og skulu þeir skipaðir til 3ja ára í senn. Formaður stjórnar skal valinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn skulu vera meðstjórnendur hans.

Falli Alda Lóa frá tekur Auður Anna Kristjánsdóttir, kt. 070787-2459 sæti hennar við val stjórnar en falli Gunnar Smári frá tekur Davíð Alexander Corno, kt. 040884-2549 sæti hans við val stjórnar. Að stofnendum og arftökum þeirra gengnum skal SPES – alþjóðleg barnahjálpi, kt. 471100-2930 tilnefna stjórn sjóðsins.

Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn. Stjórnarmenn tilnefna hver um sig sinn varamann. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti en getið er í skipulagsskrá þessari en auk formanns skal hún skipuð gjaldkera og ritara.

Formaður sjóðsins kemur fram fyrir hönd hans og er forsvarsmáður hans á opinberum vettvangi.

Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988.

Ritari skal færa fundargerðir allra funda stjórnar og varðveita þær og þau skjöl og gögn sem sjóðnum berast.

5. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins velur endurskoðanda. Reikningar sjóðsins skulu áritaðir um endurskoðun af endurskoðanda en reikningsár sjóðsins skal miðast við almanaksár. Fyrsta reikningstímabil sjóðsins skal vera frá stofnun til ársloka 2009.

6. gr.

Stofnfé.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er 1.000.000 krónur sem stofnendur leggja fram við stofnun sjóðsins.

7. gr.

Frekari framlög.

Sjóðurinn skal taka á móti öllum frekari fjárframlögum, hvort sem er frá stofnaðilum eða öðrum er veita vilja markmiðum hans brautargengi.

8. gr.

Varðveisla og ávöxtun stofnfjár.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins, sbr. 6. gr. sem tryggilegast og arðvænlegast. Skal það varðveitt á bankareikningi eða með fjárfestingum í traustum verðbréfum. Stjórn sjóðsins ákveður og ber ábyrgð á fjárvörslu hverju sinni.

Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

9. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins eru arður, þ.m.t. vextir af eignum sjóðsins, gjafir, áheit og önnur framlög sjóðnum til styrktar, skv. 7. gr. skipulagsskrár þessarar og aðrar tekjur.

10. gr.

Úthlutun og ráðstöfun fjár.

Framlögum úr sjóðnum skal úthlutað af stjórn árlega. Heimilt er að úthluta fé oftár ef sérstakt tilefni gefst til.

Við það skal miðað að eftir úthlutun hverju sinni séu eignir sjóðsins ekki verðminni en framlag stofnenda.

11. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með ákvörðun meirihluta stjórnar sem hljóti samþykki beggja stofnenda eða þeirra sem koma í þeirra stað og skal skipulagsskráin send sýslumanni til staðfestingar, sbr. lög nr. 19/1988.

Séu stofnaðilar sammála um að leggja sjóðinn niður skulu þeir leita staðfestingar sýslumanns á því og skal verja eignum hans í þágu velferðarmála barna.

12. gr.

Skráning sjóðsins.

Um starfsemi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Leitað skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 28. nóvember 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2008